



# BÖRN SEM BÚA Í KVENNAATHVARFI

AÐSTÆÐUR BARNANNA, ÞUNGI I VINNSLU MÁLANNA OG MIKILVÆGI SAMSTARFS

# „BARNASTARFSMAÐUR“

- Starf sem hófst í september 2020 en hefur angan aðdraganda
  - MA-verkefni sem benti á þörf á þjónustu við börn í athvarfinu 2011
  - Augu starfskvenna og stjórnar berast með auknum hætti að þjónustu við börn í dvöl
  - Formleg viðtöl við börn sett í verklag í athvarfinu sem og mæðraviðtöl um stöðu barnanna en þörf á þéttari vinnslu og sterkari forsendum til að meta stöðu barnanna
  - Starfskonur upplifa ítrekað að börn sem dvelja í athvarfinu fái ekki þá aðkomu „kerfisins“ sem mikilvæg er vegna stöðu þeirra.
  - Áherslan á að „halda glugganum opnum“ hafi mögulega ekki náð nægilega til þeirra barna sem koma í dvöl í neyðarathvarfinu?
  - Mikill metnaður fyrir því að veita börnum sem koma í athvarfið framúrskarandi þjónustu



# HVAÐA BÖRN BÚA Í KVENNAATHVARFINU?

- Um hundrað börn á ári
  - Árið 2020
    - 60% barna undir sex ára aldri (þar af 8 undir eins árs aldri)
- 22 konur barnshafandi árið 2020



# HVAÐA BÖRN BÚA Í KVENNAATHVARFINU?

- Heilbrigð börn
- Börn með fötlun og/eða þroskaskerðingar
- Börn með geðrænan vanda
- Börn af mismunandi uppruna
- Börn sem sakna gæludýranna sinna
- Börn sem „kerfið“ veit af
- Börn sem „kerfið“ veit ekki af
- Börn sem fylgja móður sem mögulega er seld mansali
- Börn sem líður illa
- Börn sem eiga að gera heimanám
- Börn sem eru fjarri vinum sínum
- Börn sem tilheyra heiðurstengdu ofbeldisneti
- Börn sem komast ekki á sínar æfingar eða í sinn skóla
- Börn sem eiga erfitt með að sofa
- Börn sem eru matvönd
- Börn sem aðlagast vel öðrum aðstæðum
- Börn sem líður vel
- Börn sem eiga erfitt með breytingar

■ .... og svo framvegis!



# HVAÐA BÖRN BÚA Í KVENNAATHVARFINU?

## UMFRAM ALLT:

BÖRN SEM KOMA AF OFBELDISHEIMILUM

BÖRN SEM HAFNA VERIÐ BEITT BEINU EÐA ÓBEINU OFBELDI

BÖRN SEM ÞARFNAST EFTIRTEKTAR OG MISMUNANDI AÐSTOÐAR



# EINKENNI MÁLA SEM KOMA Í KVENNAATHVARFIÐ

- Mál þar sem mæður og börn geta ekki verið á eigin heimili
- Flókin mál
- Jaðardæmi
- Mál sem „falla ekki að reglum“ og þarfnast oft nýrra lausna
- Mál sem krefjast mikils tíma



# ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN Í KVENNAATHVARFINU

- Samtal við börnin um aðstæður þeirra og líðan við komu í athvarfið
- Fræðsla um ofbeldi á heimilum með aldurssamsvarandi hætti
- Viðtöl við börn (líðan, kvíði, upplifun á sinni stöðu, o.s.frv.)
  - unnið heildrænt með móður og börnum
  - móðir og barn/börn leidd saman í viðtölum ef þörf er á
- Sífelld mat á stöðu þeirra, mtt. þjónustuparfar
- Mat á samskiptum móður og barns
- Utanaðkomandi sérfræðingar ef þörf krefur og þjónusta er ekki veitt frá barnavernd/félagsþjónustu (*t.d. biðlisti er langur eða metið sem svo að barnavernd/félagsþjónusta komi ekki að slíkum stuðningi*)



# ÞJÓNUSTA VIÐ BÖRN Í KVENNAATHVARFINU

- Reynt að aðstoða við heimanám ef möguleiki
- Haldið upp á afmæli, þess gætt að börn fái afmælisgjöf og geti gefið móður afmælisgjöf
- Börn tengd við BACA ef það hentar (Bikers against child abuse)
- Aðkoma sjálfboðaliða að börnunum
- Árstíðabundnir atburðir
  - Jólasveinar gefa í skóinn, jólabakstur, jólaskreytingar, litlu jól, jólaball, skógarferð að velja tré
  - Búningar á öskudaginn og á hekkjavöku
  - Bollubakstur fyrir bolludaginn
  - Páskaegg
  - Sumarferð
  - Sparinesti í skólanum





# ÞARFIR FYRIR ÞÉTT UTANUMHALD OG MIKINN STUÐNING

- Mikil nálægð dvalarkvenna og barna við starfskonur Kvennaathvarfsins
  - Eru til staðar fyrir tilfinningaúrvinnslu konu og barna
  - Eru til staðar við að gera hversdaginn bærilegri
  - Eru til staðar til að ræða málin og styðja í gegnum erfiðleika
  - Eru til staðar í bráðafasa
  - Eru til staðar á skemmtilegum stundum
  - Eru til staðar og mynda traust
- Fjarlægð „kerfisins“ er mikil þegar kona og börn eru að ganga í gegnum bráðafasa. Þarfir kvenna og barna eru miklar á slíkum tímamarki.



# TEYMISVINNA MJÖG MIKILVÆG

- Mikil þörf á samvinnu í málum barnanna
  - Leikskóli/grunnskóli
  - Lögregla
  - Félagsþjónusta
  - Barnavernd
  - Heilsugæsla



# MISMUNANDI FORSENDUR KVENNA OG BARNA



- Konur og börn stödd á mismunandi stað við komu en flest búa við mikla óvissu á neðstu tveimur stigunum sem hefur mikil áhrif á möguleika til vaxtar
- Þjónusta er einstaklingsbundin útfrá stöðu og þörfum hverrar fjölskyldu

# STAÐA KVENNA OG BARNA SEM DVELJA Í KVENNAATHVARFINU

- Koma í neyð
- Misjafnlega sterk félagsleg tengsl
- Skilningur á samfélaginu misjafn
- Í atvinnu / í fæðingarorlofi / atvinnulausar / sjúkraskrifaðar/ á fjárhagsaðstoð



# Umfang málavinnslunnar



# MIKIL NÁLÆGÐ VIÐ BÖRN OG MÆÐUR → MISMUNANDI ÞARFIR

Dæmi um verkefni „barnastarfsmanns“ í barnmörgu máli - tekið úr svarbréfi til Barnaverndar

- *Samskipti við heilsugæslu* vegna læknistíma/ungbarnaeftirlits
- *Samskipti við strætó* þegar börnin hafa gleymt einhverju þar
- *Samskipti við starfsmann* sem sækir börnin í skólann á vegum félagsþjónustunnar (veikindi sem koma upp, koma börnunum í strætó)
- *Samskipti við grunnskóla* vegna málefna barnanna (líðan barnanna, láta vita af veikindum, fá niðurstöður úr sjónmælingu hjá hjúkrunarfræðingi, foreldrafundur, heimanám, aðkoma hegðunarráðgjafa, skólataska eins barnsins týndist í strætó, o.s.frv.)
- *Samskipti við sýslumann* vegna skilnaðarferils
- *Samskipti við félagsþjónustu* vegna ýmissar félagslegrar þjónustu
- *Samskipti við Vinnumálastofnun* vegna fæðingarorlofsgreiðslna og umsóknar um atvinnuleysisbætur
- *Samskipti við leikskóla* vegna t.d. sjúkraþjálfunar, klæðnaðar, jólafría og sumarfría, líðan barnanna og upplýsinga sem koma upp og gott er fyrir leikskólann að hafa
- *Samskipti við fótboltaþjálfara* vegna æfingatíma, fótboltaleikja og upplýsingar veittar um núverandi stöðu þeirra
- *Samskipti við Fjölskylduhjálpi kirkjunnar* vegna þarfar á fötum og skóm fyrir börnin og móður
- *Samskipti við sjálfboðaliða* sem koma að því að veita börnunum dægrastyttingu stundum um helgar og skipulagning á hvað skal gera



# SKORTUR Á ÞÁTTTÖKU OG UPPLIFUNUM

Þátttaka barna í tómstundum og afþreyingu ekki algeng, t.d.:

- Ekki skráð í sumarnámskeið, tónlistarnám eða íþróttir
- Fara ekki í sund nema í skólanum
- Fara ekki í bíó
- Fara ekki í húsdýragarðinn, að gefa öndunum á Tjörninni eða á sýningu í Perlunni
- Fara ekki í fjöruferðir
- Fara ekki í sumarbústað með fjölskyldunni
- og svo mætti lengi telja..



# HVERJIR ERU Í MESTUM SAMSKIPTUM VIÐ BÖRNIN?

- Starfskonur Kvennaathvarfsins - sjö daga vikunnar
- Dvalarkonur og börn í athvarfinu
- Leikskólakennarar – á skóladögum
- Grunnskólakennarar – á skóladögum
- Samnemendur





# OPINBERIR VINNSLUÆÐILAR, STUÐNINGUR EFTIR DVÖL

- Gæti þjónusta félagsþjónustu/barnaverndar við fjölskyldurnar útfrá „Saman án ofbeldis“ grætt á meira samstarfi við „barnastarfsmann“ Kvennaathvarfsins?
  - Dæmi úr máli sem leiddi til snöggrar afgreiðslu hjá barnavernd vegna kunnáttu í athvarfinu á eðli barnaverndarvinnslu eftir að erfiðleikar í samskiptum við félgsþjónustu hafði þyngt vinnslu málsins
- Vísir er kominn að þéttu samstarfi við félagsþjónustu / barnaverndar / lögreglu í heiðurstengdum ofbeldismálum, vinnulag í mótun
  - Mætti yfirfæra þá áherslu yfir á önnur mál barna sem koma í athvarfið → ekki einungis tengt heiðurstengdum ofbeldismálum?



# DRAUMSÝN ...

- Koma upp íbúðum fyrir foreldri og börn sem þurfa að flýja heimili sitt vegna ofbeldisbeitingar - Kópavogur er þar í forystu!
  - Unnið er framhjá þeim ástæðum sem gætu komið í veg fyrir að kona flytji með börn sín í þá íbúð (t.d. karl samþykkir ekki skilnað og kona því lengi skráð í hjónabandi og fær eki vinnslu á máli sínu sem einstæð móðir)
    - Lágt leiguverð sem lækkar ef forsendur til greiðslu eru ekki til staðar, kona getur flutt í þessa íbúð þó að hún sé með aðra félagslega leiguíbúð á leigu, o.s.frv.
- Aðkoma félagsþjónustu/barnaverndar með meiri þunga en í öðrum málum
  - Reynslan er sú að stundum virðast börnin í athvarfinu „gleymd“ eða litið svo á að þau séu í fullri þjónustu í athvarfinu
  - Könnunartími í barnavernd er oft mjög langur og langt í að fá einhverja aðkomu aðra en könnunarmiðaða
- Gera sérstaka grein í reglugerð vegna fjárhagsstuðnings sem gerir ábyrgum starfsmönnum í félagsþjónustu heimilt að vinna mál mæðra og barna þeirra óháð ofbeldismanninum, séu þau skráð í sambúð/gift eða t.d. skráð saman með félagslega leiguíbúð. Með því er unnt að veita fjárhagsstuðning og sækja um aðra leiguíbúð út frá þeirri breyttu stöðu að mæður og börn dvelja ekki lengur á heimili með ofbeldismanni.
  - Í dag er staðan sú að ekki er unnt að vinna mál umræddra mæðra og barna óháð ofbeldismanni, séu þau í félagslegri leiguíbúð eða með fjárhagsaðstoð
  - mæðurnar og börnin eru „föst“ í athvarfinu þar til ofbeldismaðurinn hefur samþykkt skilnað hjá Sýslumanni því móðir getur ekki fengið fulla fjárhagsaðstoð né sótt um aðra félagslega leiguíbúð þegar hún er enn „skráð“ með manninum



# DRAUMSÝN ...

- Í málum kvenna og barna frá Reykjavík sé hægt að fá stuðning strax ef þörf er á og stuðningurinn metinn og framkvæmdur í samráði við mat athvarfsins (t.d. ef forsendur fyrir dvöl á vistheimili eru til staðar vegna stöðu móður sem orsakast af ofbeldinu en það ekki talið það besta fyrir börnin)

Rík þörf er fyrir slíka aðkomu t.d. með:

- Samveru starfsmanns félagsþjónustu með börnunum án móður
- Aðstoð með praktísk málefni móður og barna
- Samfélagsfræðsla



# TAKK FYRIR

